

Stjórnarfundur mánudaginn 1. apríl 2019

Kl. 19:00 á skrifstofu Siðmenntar, Túngötu 14

Mættir á fund: Sævar Finnbogason, Jens Ívar Jóhannuson Albertsson, Hope Knútsson, Tómas Kristjánsson, Júlía Linda Ómarsdóttir, Steinar Harðarson, Siggeir F. Ævarsson

Fundarritun: Siggeir F. Ævarsson

Fundardagskrá í svörtum lit

Viðbætur ritara í bláum lit

Dagskrá/Fundargerð

1. Auka aðalfundur Siðmenntar 24. apríl og félagsfundur

Sævar lagði fram drög að auglýsingu um framboð til formanns, stjórnar og varastjórnar. Kallað eftir að framboð komi fram fyrir 10. apríl en þá verði haldinn félagsfundur þar sem frambjóðendur geta kynnt sig. Vísað í fundargerð síðasta fundar til nánari skýringar á útfærslu.

2. Heimsókn John de Lancie til Íslands næsta haust

Leikarinn John de Lancie mun ferðast til Íslands næsta haust, ca. 17. - 26. september. Nýstofnuðu hugráði falið að vinna verkefnið áfram og reyna að finna réttan umræðuflöt. Einnig að komast að því hvort einhver kostnaður falli á félagið og ræða málið áfram með Nexus um samstarf.

3. Yfirferð erindisbréfs athafnaráðs og staðan á ráðinu

Lögð fram samþykkt um hlutverk og skyldur athafnaráðs. Ákveðið að fjölga í ráðinu í allt að 6 manns, og að helmingurinn sitji í 1 ár og helmingurinn í 2 ár. Hlutkesti mun ráða lengd kjörtímabils í fyrstu.

Kallað verður eftir framboðum í ráðið í gegnum póstlista athafnastjóra og á Facebook síðu þeirra.

Samþykkt samhljóða. Sjá samþykktina í heild í sér skjali.

4. Staða mála frá síðasta fundi

Bann við kjarnorkuvopnum. Siggeir leggur fram fyrirspurn til félaga.

Erindi frá Belgískum samtökum vegna greinar um Siðmennt og húmanisma á Íslandi - í vinnslu

Valgarður Guðjónsson óskar eftir að endurnýja vígsluréttindi sín - Sævar ræddi við Valgarð sem kættist allur og ætlar að vera í sambandi við framkvæmdastjóra.

Yfirfærsla verkefna BF frá Hope - Jens að vinna drög að verkefnalýsingu

5. GDPR - Tilboð frá Tómasi

Málinu frestað þar til eftir auka aðalfund 24. apríl, þannig að ný stjórn geti tekið afstöðu til málsins og staða Tómasar sem stjórnarmanns gæti mögulega breyst.

6. Önnur mál

Framkvæmdastjóri minnir á að rukka þarf félagsgjöldin. Stjórn sammála um að senda út á sama lista og í fyrra.

Stjórnar áréttar stöðu Siðmenntar um sóknargjöld frá 2014, og birta aftur.

Fundi slitið klukkan: 20:20

Næsti stjórnarfundur haldinn: mánudaginn 8. apríl kl. 19:00.